



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Kleppsvegur 150-152, gangbraut, stæði fyrir hreyfihamlaða og einstefna

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Gönguþverun yfir Holtaveg móts við Sæviðarsund verði merkt sem gangbraut.
- Sæviðarsund við hús nr. 33-35, milli Sæviðarsunds og Kleppsvegar, verði gert að einstefnu til austurs.
- Umferð frá bifreiðastæði við Kleppsveg 150-152 víki fyrir umferð um Kleppsveg á biðskyldu.
- Tvö bifreiðastæði, við Kleppsveg 150-152, verði merkt sem bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Í tengslum við endurgerð Kleppsvegar 150-152 og með nýrri notkun húsnæðisins, sem nú er leikskóli, er gert ráð fyrir að bæta umferðarskipulag svæðisins með það að markmiði að bæta umferðaröryggi og flæði umferðar. Þannig er gert ráð fyrir að megin straumur þeirra sem sækir húsnæðið á bíl aki inn á einum stað en út á öðrum. Þá er gert ráð fyrir tveimur stæðum fyrir hreyfihamlaða í samræmi við byggingareglugerð.

Húsagatan, sem Sæviðarsund 33-35 standa við, er mikið notuð til að stytta sér leið norður Sæviðarsund. Inngangar Sæviðarsunds 33-35 snúa út að umræddri götu, en almennt eru inngangar húsa við Sæviðarsund norðan Holtavegar út að botnlöngum. Íbúar Sæviðarsunds 33-35 hafa óskað eftir að gatan verði einstefna, en sú breyting fellur einnig vel að því markmiði að draga úr umferð í nágrenni við leikskólann.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri



Reykjavíkurborg

